

## FUNDARBOÐ

**1938. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 25.  
september 2024 og hefst kl. 14:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 2409277 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting S1, Hrafnista**

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 12.september sl.  
Lögð fram tillaga um að hafin verði vinna við breytingu á aðalskipulagi  
Hafnarfjarðar vegna stækkunar svæðis S1.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að hafin verði vinna við breytingu á  
aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna stækkunar svæðis S1 og vísar til  
staðfestingar í bæjarstjórn.

**2. 2206136 - Straumsvík breyting á aðalskipulagi 2013-2025**

8.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 12.september sl.  
Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, vegna  
stækkunar Straumsvíkurhafnar og stækkun efnistökusvæðis Rauðamelsnámu.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillaga að breytingu á aðalskipulagi  
Hafnarfjarðar 2013-2025 verði auglýst samhliða breytingu á deiliskipulagi  
Straumsvíkur og Rauðamelsnámu. Erindinu er vísað til staðfestingar í  
bæjarstjórn.

**3. 2302617 - Rauðamelsnáma, deiliskipulag**

9.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 12.september sl.  
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Rauðamelsnámu. Breytingin felur  
í sér stækkun efnistökusvæðis úr 15,6 ha í 22,6 ha og aukna heimild til  
efnistöku, úr 180.000 m<sup>3</sup> í 1.340.000 m<sup>3</sup>. Breytingin er unnin í samræmi við 43.  
gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lög nr. 111/2021 um umhverfismat  
framkvæmda og áætlana.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillagan verði auglýst samhliða  
breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna stækkunar  
Straumsvíkurhafnar og deiliskipulagi Straumsvíkur. Erindinu er vísað til  
staðfestingar í bæjarstjórn.

**4. 2111539 - Straumsvík, deiliskipulag**

10.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 12.september sl. Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi álversins í Straumsvík, samþykkt dags. 27. maí 2003 m.s.br., í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Forsenda breytingar er að til stendur að stækka hafnaraðstöðu við Straumsvíkurhöfn og skapa aðstæður fyrir iðnaðarstarfsemi og umhverfisvænan nýsköpunariðnað á hafnarsvæðinu. Samhliða deiliskipulagi er gerð breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 þar sem lóð er stækkuð Auk þess er gerð breyting á deiliskipulagi Rauðamelsnámu.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillagan verði auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna stækkunar Straumsvíkurhafnar og breytinga á deiliskipulagi Rauðamelsnámu. Erindinu er vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

**5. 2111309 - Hellnahraun 4, deiliskipulag**

12.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 12.september sl. Lögð fram skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags Hellnahrauns 4.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að leita umsagna við lýsingu deiliskipulags Hellnahrauns 4 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**6. 2308876 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2024 og 2025-2027**

5.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 19.september sl. Lagðir fram viðaukar 5 og 6. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir viðauka 5 og 6 við fjárhagsáætlun 2024. Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

**7. 2308635 - Norðurhella 3, úthlutun**

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 19.september sl. Lögð fram tilboð í lóðina Norðurhelli 3. Sigurður Haraldsson sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir tilboð Bólstaðar ehf. í lóð nr.3 við Norðurhelli. Bæjarráð samþykkir að lóð nr. 3 við Norðurhelli verði úthlutað til Bókstaðar ehf. Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar

**8. 2409363 - Straumhella 24, umsókn um lóð**

12.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 19.september sl. Lögð fram umsókn Fossvéla ehf. um atvinnuhúsalóðina nr. 24 við Straumhelli

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóð nr. 24 við Straumhelli til Fossvéla ehf. Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

**9. 2211373 - Axlarás 25, 27 og 29, umsókn um lóð**

13.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 19.september sl. Lögð fram umsókn Do Fish ehf. um lóðina nr. 25-29 við Axlarás sem dregin var

út til vara.

Bæjarráð samþykkir að úthluta raðhúsalóð nr. 25, 27 og 29 við Axlarás til Do Fish ehf. Vísað í bæjastjórn til staðfestingar.

**10. 2211240 - Axlarás 98, 100, 102 og 104, umsókn um lóð**

14.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 19.september sl.

Lögð fram umsókn K20 ehf. um lóðina nr. 98-104 við Axlarás sem dregin var út til vara.

Bæjarráð samþykkir að úthluta raðhúsalóð nr. 98, 100,102 og 104 við Axlarás til K20 ehf. Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

**11. 2211155 - Axlarás 106, 108 og 110, umsókn um lóð**

15.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 19.september sl.

Lögð fram umsókn Viðju ehf. um lóðina nr. 106-110 við Axlarás sem dregin var út til þrautarvara.

Bæjarráð samþykkir að úthluta raðhúsalóð nr. 98, 100,102 og 104 við Axlarás til K20 ehf. Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

**12. 2211553 - Axlarás 112, 114, 116 og 118, umsókn um lóð**

16.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 19.september sl.

Lögð fram umsókn Verkstjórn ehf. um lóðina nr. 112-118 við Axlarás sem dregin var út til vara.

Bæjarráð samþykkir að úthluta raðhúsalóð nr. 106, 108 og 110 við Axlarás til Viðju ehf. Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

**13. 2005180 - Samgöngusáttmáli**

1. liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 11. september sl.

12.liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 28.ágúst sl. Til afgreiðslu

4. 2005180 Samgöngusáttmáli

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir umræðu um Samgöngusáttmála

Höfuðborgarsvæðisins og uppfærslu hans.

1. liður úr fundargerð bæjarráðs 22.08.2024.

Samfylkingin leggur fram svohljóðandi bókun:

Fyrirliggjandi uppfærður samgöngusáttmáli fyrir höfuðborgarsvæðisins er mikilvægt tæki til að skipuleggja og ráðast í löngu tímabærar vegabætur fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins. Uppfærsla samningsins hefur tekið of langan tíma. Einnig hafa framkvæmdir frá upphaflegri undirritun samningsins frá 2019 gengið hægar en til stóð. Í þessum uppfærða samningi eru tímafrestir lengdir til ársins 2040. Það eru vonbrigði fyrir Hafnirðinga að brýnar vegabætur á Reykjanesbraut frá hringtorgi við Lækjargötu að Kaplakrika og svo áfram að Engidal eru færðar aftur í tíma og munu eiginlegar framkvæmdir ekki hefjast fyrr en 2030 og ekki ljúka fyrr en árið 2033, eða síðar. Alveg er ljóst að grípa þarf til bráðabirgðalausna fyrir þann tíma, þannig að létt sé á þeirri umferðarstíflu sem þar er til staðar. Einnig er umhugsunarvert að ekki er litið til langtímalausna í samningnum er varðar Ofanbyggðaveg ofan Hafnarfjarðar, Garðabæjar og

Kópavogs. Almenn er þó samningurinn til mikilla bóta fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins, en mikilvægt er að honum verði fylgt. Sjálfstæðisflokkur og Framsókn leggja fram svohljóðandi bókun: Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar fagna því að loksins sé komin áætlun um framtíðaruppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu sem setið hefur eftir alltof lengi. Hér fara tugþúsundir ökutækja um göturnar á degi hverjum og löngu ljóst að bregðast þarf við af alvöru til að tryggja greiðari samgöngur og auka öryggi. Ánægjulegt er að nú sjáum við Hafnirðingar fram á að kraftur verður settur í að leysa helstu umferðarhnútana í bænum á Reykjanesbraut frá Lækjargötu að Kaplakrika/Álftanesvegi. Í uppfærslu samgöngusáttmálans hefur fjármagn til verkefnisins aukist umtalsvert. Strax á næsta ári verður fjármagn sett í hönnun og undirbúning þessa mikilvæga verkefnis og framkvæmdir hefjast árið 2028.

Guðmundur Árni Stefánsson tekur til máls. Einnig Rósa Guðbjartsdóttir og leggur jafnframt til að málinu verði vísað til frekari umræðu í bæjarráði, umhverfis- og framkvæmdaráði og skipulags og byggingarráði en tekið til afgreiðslu á næsta fundi bæjarstjórnar. Guðmundur Árni kemur til andsvars.

Er það samþykkt samhljóða að vísa málinu til frekari umræðu í ofangreindum ráðum.

Rósa Guðbjartsdóttir vísar af fundi kl. 16:28.

Til máls tekur Rósa Guðbjartsdóttir og leggur til að afgreiðslu málsins verði frestað þar sem sáttmálinn hefur ekki verið tekinn fyrir í skipulags- og byggingarráði líkt og bæjarstjórn óskaði eftir. Þá tekur Guðmundur Árni Stefánsson til máls. Rósa kemur til andsvars sem Guðmundur Árni svarar.

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu málsins.

#### **14. 2312031 - Frístundastyrkur**

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að frá og með næstu mánaðamótum, 01.10.2024 verði frístundastyrkur barna og ungmenna í boði fyrir 5 ára börn. Kostnaðarauki upp á 7 milljónir á yfirstandandi ári verði fjármagnaður með lækkun aðkeyptrar sérfræðipjónustu á stjórnsýslusviði um 7 milljónir kr.

Greinargerð:

Frístundastyrkur Hafnarfjarðar er í dag fyrir börn og ungmenni á aldrinum 6-18 ára. Lengi hefur verið rætt um að útvíkka hann þannig að fleiri börn eigi kost á að nýta sér styrkinn. Þessi tillaga felur í sér að frístundastyrkurinn verður frá og með 01.10.2024 í boði fyrir 5-18 ára börn og ungmenni í stað 6-18 ára eins og er í dag. Með þessari tillögu er þess freistað að enn fleiri börn í Hafnarfirði geti tekið þátt í uppbyggilegri tómstunda- og/eða íþróttaiðkun. Lagt er til að kostnaðarauka vegna þessarar tillögu verði með mætt lækkun á aðkeyptri sérfræðipjónustu á stjórnsýslusviði sem samsvarar kostnaðarauka vegna tillögunnar á þessu ári.

Tillagan var á dagskrá bæjarstjórnar 10.september síðastliðinn og var þar vísað til fræðsluráðs með atkvæðum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Í fræðsluráði var lagst gegn tillögunni af sömu flokkum og henni þar vísað til meðferðar í undirbúningi að gerð fjárhagsáætlunar fyrir komandi ár. Sama var

uppi á teningnum í bæjarráði 18. september síðastliðinn, þar sem meirihlutflokkarnir freistuðu þess að komast hjá því að taka efnislega afstöðu til þessarar einföldu tillögu. Eftir þessa hringrás er eðlilegt að málið fái endanlega efnislega afstöðu. Er pólitískur vilji hjá bæjarstjórn Hafnarfjarðar að taka skref í þá átt nú þegar, eða frá 1. október næstkomandi, að yngri börn njóti frístundastyrksins? Í tillögunni er gert ráð fyrir að 5 ára börn og foreldrar og forráðamenn þeirra fái þann möguleika. Næstu skref jafnaðarmanna eru að fara niður í 4 ára frá og með næstu áramótum. Þessi stefnumörkun er í samræmi við loforð meirihlutflokkanna í samstarfssáttmála þeirra í upphafi kjörtímabils. Jafnaðarmenn vilja láta verkin tala. Tillagan er skýr, fullfjármögnuð og jákvætt skref til stuðnings barnafjölskyldum í Hafnarfirði.

#### **15. 1512128 - Notendastýrð persónuleg aðstoð NPA**

Fulltrúar Samfylkingarinnar fara fram á umræðu um málið. Fyrirspurn lögð fram. Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu: Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hvetur ríkisstjórnina til þess að tryggja fjármögnun NPA samninga. Það er óásættanlegt að fólk í viðkvæmri og erfiðri stöðu þurfi að bíða eftir lífsnauðsynlegri þjónustu um lengri tíma á meðan ríki og sveitarfélög takast á um fjármögnun málaflokksins. Margoft hefur komið fram að málaflokkurinn er vanfjármagnaður og að ríkið verði að stíga mikið sterkar inn í fjármögnun hans en verið hefur. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hvetur fulltrúa ríkisstjórnarinnar til þess að setjast þegar í stað niður með fulltrúum sveitarfélaganna til þess að leysa úr þessum vanda því fólk sem býr við fötlun getur ekki beðið á meðan stjórnsýslustigin í landinu kasta málinu á milli sín.

#### **16. 2409735 - Málefni barna - og ungmenna í Hafnarfirði**

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu: Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að setja á fót fimm manna starfshóp kjörinna fulltrúa sem hafi það verkefni að gera úttekt stöðu barna og ungmenna í Hafnarfirði. Starfshópnum er falið að greina þau úrræði, sem börnum og ungmönnum í fjölþættum vanda, standa til boða, bæði innan skólakerfisins og barnaverndarinnar sem og að gera úttekt á því forvarnar- og vettvangsstarfi sem unnið er á vegum bæjarins. Einnig verði þess freistað að nálgast félagslega stöðu barna og ungmenna, þátttöku þeirra í íþrótt-, menningar og tómstundastarfi. Sérstaklega skuli skoða stöðu barna sem hafa íslensku sem annað móðurmál. Hópurinn skal leita sem víðast fanga og freista þess að draga upp sem heildstæðasta mynd af stöðu mála. Fræðsluráði og Fjölskylduráði er falið útbúa erindisbréf hópsins en hópurinn verður skipaður af Fræðsluráði. Með starfshópnum starfa sviðsstjórar Mennta- og lýðheilsusviðs og Fjölskyldu- og barnamálasviðs en starfshópurinn getur einnig leitað til annarra aðila innan stjórnkerfis bæjarins sem vinna í þágu barna og ungmenna. Vinna starfshópsins verður kynnt bæði í Fræðsluráði og Fjölskylduráði og við það miðað að hann skili greinargerð/tillögum til bæjarstjórnar fyrir 1. maí næstkomandi. Einstaka tillögur frá hópnum til úrbóta verði skilað í áföngum fyrir þann tíma, ef hópurinn telur á því nauðsyn.

Greinargerð:

Mikil umræða hefur að undanfögnu farið fram í samfélaginu um málefni barna og ungmenna út frá velferð þeirra og öryggi. Á síðustu mánuðum hafa átt sér stað mjög alvarlegir og sorglegir atburðir sem tengjast öryggi barna og ungmenna, sem eðlilega hefur haft áhrif á allt samfélagið. Við þessum nýja veruleika verður að bregðast og þar bera sveitarfélögin mikla ábyrgð. Þau halda utan um skólamálin og barnaverndina en mikilvægt er að þessi kerfi tali saman í

þágu barna og ungmenna. Mikilvægt er að sveitarfélögin leiti allra leiða til þess að efla forvarnir í þágu barna og ungmenna til þess að stuðla að öryggi þeirra sem og að tryggja það að bærinn hafi aðgang að þeim úrræðum sem nauðsynleg eru til þess að grípa börn og ungmenni með fjölþættan vanda. Atburðir síðustu vikna og mánaða sýna okkur enn og aftur hversu mikilvægt það er að við séum vakandi þegar kemur að velferð barna og ungmenna og séum alltaf að leita leiða til þess að bæta aðstæður þeirra og efla velferð þeirra. Í því ljósi og sem og vegna þeirrar miklu umræðu sem hefur átt sér stað að undanförmu og velferð og öryggi barna og ungmenna er þessi tillaga lögð fram. Lagt er til að starfshópurinn verði skipaður af Fræðsluráði en að bæði Fræðsluráð og Fjölskylduráð samþykki erindisbréf fyrir starfshópinn og vinna hans verði kynnt í báðum ráðum. Það er gert vegna þess að verkefni starfshópsins heyra undir bæði svið, þ.e. Mennta- og lýðheilsusvið og Fjölskyldu- og barnamálasvið. Einnig er lagt til að sviðsstjórar fyrrnefndra sviða starfi með starfshópnum og að starfshópurinn geti einnig kallað til alla þá aðila sem vinna að málefnum barna og ungmenna innan stjórnkerfis bæjarins, sem og utan bæjar eftir atvikum. Það er mikilvægt svo að sem best heildaryfirsýn náist yfir málaflökkinn.

## Fundargerðir

### 17. 2401143 - Fundargerðir 2024, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð fjölskylduráðs frá 17.september sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 12.september sl.

Fundargerð bæjarráðs 19.september sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 9.september sl.

b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 11. september sl.

c. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30.ágúst sl.

d. Fundargerðir stjórnar SSH frá 2.,6. og 16. september sl.

e. Fundargerð 49.eigendafundar Sorpu bs. frá 2. september sl.

f. Fundargerð 50. eigendafundar Strætó bs. frá 2. september sl.

g. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 15. ágúst sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 18.september sl.

a. Fundargerðir íþróttá- og tómstundaneftndar frá 22.ágúst og 10.september sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 18.september sl.

a. Fundargerð stjórnar Strætó bs frá 15.ágúst sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 23.september sl.

23.09.2024

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri